

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun borgarstjórnar hafa stöðumælar verið settir upp á eftirtöldum stöðum í Reykjavík:

1. Austurstræti, Hafnarstræti, Bankastræti, Laugavegi frá Klapparstíg að Snorrabraut, Hverfisgötu að Klapparstíg.

Stöðugjald á framangreindum götum er kr. 2.00 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

2. Garðastræti frá Ránargötu að Vesturgötu, Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Kalkofnsvegi og frá Grófinni að Ægisgötu, Naustunum, Pósthússtræti frá Kirkjustræti að Vallarstræti, Lækjargötu, Þinghóltsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg, Ingólfsstræti frá Bankastræti að Amtmannsstíg og frá Hverfisgötu að Sölvhólsgötu, Lindargötu frá Ingólfsstræti að Skuggasundi, Smiðjustíg frá Óðinsgötu að Týsgötu, Vatnstíg frá Hverfisgötu að Laugavegi, Vitastíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu, Barónsstíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu, Hverfisgötu frá húsi nr. 70 að húsi nr. 92, Bergstaðastræti frá Laugavegi að Skólavörðustíg, Klapparstíg frá Hverfisgötu að Grettisgötu.

Stöðugjald á framangreindum götum er kr. 1.00 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

3. Á Kirkjutorgi, á lóðinni á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis, á bifreiðastæðum austan Lækjargötu. Gjald á þessum stöðum er kr. 1.00 fyrir hverjar 30 mínútur.

Skýlt er að greiða fyrir afnot af stöðumælareit fyrir hvers konar vélknúin ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega og hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum. Hámarksstöðutími á götum er 30 mínútur. Gjaldskylda er á sama tíma og verzlunum er almennt leyft að hafa opið.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. febrúar 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 29.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs Íslands 1965.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Bjargráðasjóðsgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga	kr. 1 901 150.00
2. Vaxtatekjur	— 1 478 627.73
3. Húsaleigutekjur	— 90 660.00
4. Lántöku- og stimpilgjöld	— 7 462.50
5. Tekjuhalli	— 1 585 857.05

Kr. 5 063 757.28

Gjöld:

1. Kostnaðarreikningur	kr.	606 015.06
2. Eftirgefin lán:		
a. 20% eftirgjafir óþl. 1955	kr.	26 060.00
b. Eftirgefin A-lán	—	50 000.00
c. Eftirg. óþl. 1955 skv. stjórnarsamþ.	—	8 000.00
		— 84 060.00
3. Eftirg. vextir af óþl. 1955	kr.	26 360.00
Eftirg. vextir ríkistr. skuldabréfa	—	26 041.57
		— 52 401.57
4. Styrkir	—	4 275 000.00
5. Viðhald fasteignar	—	18 401.61
6. Afskriftarreikningur	—	27 879.04
		Kr. 5 063 757.28

Efnahagsreikningur 1965.

Eignir:

1. Séreignasjóður sveitarfélaga:		
a. Innstæða frá fyrra ári	kr.	8 336 970.70
b. Viðbót á árinu	—	1 057 685.44
		— 9 394 656.14
2. Sameignasjóður:		
a. Fasteignareikningur	kr.	210 371.80
b. Innbú og lausafé	—	253 161.37
c. Skuldabréfaeign	—	13 143.713.21
d. Bankainnstæður	—	2 691 794.49
e. Sjóðsreikningur	—	23 561.37
f. Ógreiddir vextir í árslok	—	379 452.50
g. Sjóðsmismunur frá 1961	—	3 046.00
		— 16 705 100.74
		Kr. 26 099 756.88

Skuldir:

1. Hlaupareikningur	kr.	2 128 443.63
2. Geymslufjárreikningur	—	6 333.34
3. Lán vegna húseignarinnar Laugavegur 105 hf.	—	12 338.75
4. Höfuðstólsreikningur 1. jan. 1965	kr.	25 538 498.21
5. Rekstrarhalli	—	1 585 857.05
		— 23 952 641.16
		Kr. 26 099 756.88

Reykjavík, í janúar 1966.

Jónas Guðmundsson.